

Félagsfundur 12. nóvember 2008

Fundargerð félagsfundar SFA 12. nóvember 2008

Grófarhúsi 6.hæð, Reykjavík

Kl. 10.00

Mættir 20

1. Erla Kristín Jónasdóttir, formaður Fínu bauð fólk velkomið og kynnti dagskrá. Umræðuefni verða: Bókasöfn framtíðar, hvernig söfn, hvernig starfsfólk, skýrsla Kynningarnefndar – hvað næst? Og önnur mál.
2. Fundarmönnum skipt í tvo hópa. Hver og einn skrifaði niður orð eða setningu, sem innifól hugmynd hans um bókasöfn eftir 3 – 5 ár. Síðan sögðu allir frá hugmyndinni kringum orðið/setninguna. Hóparnir ræddu hugmyndir hvors annars, og að lokum voru niðurstöður hópanna kynntar í heild.
3. Niðurstöður frá hópi
1, Pálína Magnúsdóttir kynnti.
Bókasafnið 2012:
Parf pláss fyrir fjölbreytni.
Vera athvarf fyrir fjölskyldur og einstaklinga.
Félagsmiðstöð, gríðastaður.
Taka mið af nánasta umhverfi.
Byltingarkennd breyting í röðun safnkosts – Burt með Dewey – (í anda bókabúða?)
Samvinna milli safnategunda, s.s. bókasafns, minjasafns og ljósmyndasafns.
Útvega styrki til þróunarverkefna.
Fjölbreytni í menntun starfsfólks.

Niðurstöður frá hópi 2, Margrét Ásgeirsdóttir kynnti.

Bókasafnið 2011 – 13:

Samverustaður. Griða- og friðarstaður.

Starfsfólk fjölbreytt, og viljugt til að vinna með fólki.

Hlutverk bókasafna, hversu langt á að seilast inn á svæði t.d. leikskóla, skóla og annarra menningar- og fræðslustofnana? Nýjar víddir mega ekki trufla kjarnastarfsemi bókasafna. Verkefni miðist við kjarnastarfsemi.

Selja upplifun.

Spegla samfélagið og svara þörfum.

Samvinna safnategunda.

4. Skipað var í þrjá starfshópa:
Tillöguhópur um hugmyndir að þróunarverkefnum og styrkjum: Anna Torfadóttir, Hrafn A. Harðarson og Pálína Magnúsdóttir.
Hópur til að vinna tillögur um hvernig háskólamenntun starfsmanna í almenningsbókasöfnum þurfi að vera: Brjánn Birgisson, Óskar Guðjónsson og Sævar Ingi Jónsson.
Hópur um greinaskrif: Margrét Ásgeirsdóttir, Marta Richter og Oddný H. Björgvinsdóttir.
Hópar skili tillögum á félagsfundi, áætluðum í febrúar 2009.
5. Önnur mál:
 - a. Barbara Guðnadóttir kynnti skýrslu Kynningarnefndar. Skýrslan verður sett á vef Fínu. Framhaldi vísað til febrúarfundar.
 - b. Erla Kristín Jónasdóttir las upp bréf frá Amnesty International um fyrirhugaða þátttöku bókasafna í bréfamaraþoni 12./13. desember n.k. Verður sett á Fínuvefinn og sent í tölvupósti, svo hvert safn geti svarað fyrir sig.
 - c. Margrét Sigurgeirsdóttir sagði frá fyrirhugaðri upplestrarkeppni í 7. bekk 16. nóv. 2008 – mars 2009.
 - d. Margrét Ásgeirsdóttir sagði frá áformum um Lestrardagbók og fengnum styrk til verkefnisins frá Menningarráði Suðurlands.
 - e. Hópur um millisafnalán, vísað til stjórnar.
 - f. Lánpegaskírteini gildi í sem flestum söfnum landsins. Vísað til febrúarfundar 2009.
 - g. Ókeypis skírteini rædd. Vísað til febrúarfundar 2009.
 - h. Vefbókasafn. Hulda Björk Þorkelsdóttir spurði um framtíð þess. Vísað til stjórnar Vefbókasafns beiðni um að hún haldi aðalfund hið fyrsta og ræði hvort það verði lagt niður.

Fundi slitið kl. 13.00